ANTIKVA EHF 2022

# Urriðakotsdalir

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

**Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner**






**Mynd 1. Skráningarsvæðið er græni punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Fjárhúsið syðra [2361]; Ómar Smári Ármannsson tók myndina

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www. antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-17-8

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner

# Efnisyfirlit

Inngangur ... 7

Fornleifaskráningar ... 8

Skráningarsvæðið ... 8

Tilgangur fornleifaskráningar ... 10

Fornleifaskráning og aðferðir ... 14

Jarðarnúmer ... 14

Tegund, hlutverk og heiti ... 14

Staðsetning ... 14

Staðhættir og lýsing ... 15

Hættumat ... 15

Mótvægisaðgerðir ... 15

Fornleifar á svæðinu ... 16

Urriðakotsdalir – Urriðakot ... 17

Gamla réttin [1704] rétt og Stekkurinn [1780] stekkur ... 17

Hleðsla [2050] hleðslubrot ... 21

Stekkjartúnsrétt [1703] rétt ... 21

Varða á golfvelli [2024] varða ... 22

Fjárgirðing – vörslugarður [2362] garðlag ... 23

Grásteinsstígur [1701] gata og Grásteinn [1760] kennileiti ... 24

Vörður við Grásteinsstíg [2051-2049] vörður ... 25

Fjárhús – beitarhús [1710] tóft ........ 26
Aðhald [1816] hleðsla við klett ........ 27
Fjárhús syðra [2361] tóft ........ 28
Kúadalsstígur [1707] heimild um götu ........ 29
Vífilsstaðabeitarhús [1623] tóft og fjárborg [1625] hleðslur og leið [1758] gata ........ 30
Fjárgirðing – landamerkjagarður [1654-1762] garðlag – girðing ........ 34
Vörður á Syðsta Tjarnholti [2180-2181-2182] vörður ........ 35
Hellisskúti [2053] hleðsla – skúti ........ 37
Herminjar [2052] ........ 37
Dyngjuhóll – Hádegishóll eyktamark landamerki [1637-1743] vörður ........ 38
Samantekt og niðurstöður ........ 39
Heimildir ........ 42
Árnastofnun – Örnefnasafn ........ 43
Vefsíður ........ 43

# Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er græni punkturinn á kortinu. .................................................... 2

Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar. ................................................................ 9

Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.......................................................................................................................... 13

Mynd 4 Yfirlitskort af fornleifum á svæðinu. ......................................................................... 16

Mynd 5. Gamla réttin [1704], þ.e. garðlag fremst, og Stekkurinn [1780], hólf v.m. ............... 18

Mynd 6. Hólfið eða stekkurinn [1780] í Gömlu réttinni [1704]. ............................................ 19

Mynd 7. Hleðslubrot [2050]. .................................................................................................. 20

Mynd 8. Stekkjartúnsrétt [1703], ásamt garði sem gengur suður úr henni. ............................ 21

Mynd 9. Stekkjartúnsrétt [1703]. .......................................................................................... 22

Mynd 10. Varða, vörðubrot [2024]. ........................................................................................ 22

Mynd 11. Grásteinn var kennileiti [1760] við Grásteinsstíg [1701]. ...................................... 23

Mynd 12 Grásteinsstígur eins og hann lítur út í dag. ............................................................ 24

Mynd 13. Varða [2051] við Grásteinsstíg. ............................................................................... 25

Mynd 14. Varða [2049] við Grásteinsstíg. ............................................................................... 25

Mynd 15. „Fjárrétt.“ Málverk eftir Jóhannes Kjarval frá 1966 af tóft fjárhúss eða beitarhúss [1710]. ...................................................................................................................... 26

Mynd 16. Fjárhús – beitarhús [1710]. .................................................................................... 27

Mynd 17. Aðhald [1816]: hleðsla v.m. en náttúrulegur klettur h.m. Golfvöllurinn í baksýn. . 28

Mynd 18. Fjárhúsið syðra [2361] hlaðið uppi á hæð. ........................................................... 29

Mynd 19. Horft norðaustur yfir Vífilsstaðabeitarhús [1623] og fjárborg [1625]. 30

Mynd 20. Vífilsstaðabeitarhús [1623]. 31

Mynd 21. Fjárborgin [1625]. Myndin tekin fyrir sennilega 20 árum. Þá sést fjárborgin vel. 32

Mynd 22. Fjárborgin [1625] er að hverfa undir birkigróður og þyrfti að grisja. 32

Mynd 23. Stígur [1758] upp að fjárborg [1625] og beitarhúsi [1623]. Horft suðvestur. 33

Mynd 24. Landamerkjagarður [1654] við Vífilsstaðabeitarhús [1623]. Horft í suður. 34

Mynd 25. Landamerkjavörður á Tjarnholti. 35

Mynd 26. Þriðja landamerkjavarðan á Tjarnholti. 36

Mynd 27. Hellir með hleðslu [2053]. 37

Mynd 28. Yfirlitsmynd af Dyngjuhól – Hádegishól. 37

Mynd 29. Vörður á Dyngjuhól [1637-1743]. 38

# Inngangur

Að beiðni Arinbjarnar Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í Urriðadölum. Í norðausturhluta þessa lands hefur frá árinu 1990 verið golfvöllur sem Golfklúbburinn Oddi rekur. Austan og sunnan megin við Urriðavöll er hins vegar vinsælt göngusvæði með minjum og náttúru.

Í austurjaðri golfvallarins og hrauninu austan og suðaustan hans eru allmargar merkar minjar sem mikilvægt er að vernda. Má þar nefna Stekkjartúnsrétt, Gömlu rétt, aðhald og hleðslur ásamt nokkrum vörðum, hellisskúta eða byrgi. Í hrauninu eru tvær vel varðveittar fjárhústóftir. Sú nyrðri varð myndefni í málverki eftir Jóhannes Kjarval en sú syðri er hlaðin með glugga og eru báðar veglegar. Norðaustast á svæðinu eru vörður á Hádegishól og suðaustast eru beitarhús með hlöðu og fjárborg, ásamt hluta af miklum landamerkjagarði eða fjárréttargirðingu sem einnig hefur varðveist annars staðar við mörk jarðanna Urriðakots og Vífilsstaða. Auk þessa eru þrjár vörður sunnan við golfvöllinn. Allar þessar minjar eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80 frá árinu 2012.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu og hafa farið margar ferðir um svæðið.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

# Fornleifaskráningar

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner önnuðust fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti árið 2005 á vegum Byggðasafns Skagfirðinga og skráðu þá meðal annars Urriðadali. Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson skráðu síðan þetta svæði á vegum Fornleifastofnunar Íslands árið 2009. Þá sáu Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Ómar Smári Ármannsson um fornleifaskráningu á vegum Antikva ehf. vegna aðalskipulags í Vífilsstaðalandi árið 2019. Einnig skráði Ragnheiður Traustadóttir og mældi upp minjarnar við Urriðavöll að beiðni Golfklúbbsins Odda. Þá má geta þess að Ragnheiður Traustadóttir stýrði fornleifarannsókn í bæjarstæði Urriðakots við Urriðavatn sem fór fram árin 2008-2011.[1]

Stuðst er við fyrri fornleifaskráningar eftir því sem viðeigandi er, jafnframt því sem þær eru endurmetnar, en skráningin sem hér fer á eftir er viðameiri og nákvæmari. Staðlar Minjastofnunar Íslands hafa breyst frá því að eldri fornleifaskráningar fóru fram og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Er það gert í þessari skráningu.

# Skráningarsvæðið

Mestallt skráningarsvæðið er innan hinna fornu landamarka jarðarinnar Urriðakots. Það nær yfir svokallaða Urriðakotsdali eða Urriðadali en þeir eru tveir, nyrðri og syðri. Norðan og vestan megin hefur þetta svæði þegar verið sléttað undir Urriðavöll en áður hafði því verið raskað á stríðsárunum þegar Camp Russel herbúðunum var komið þar upp. Sunnan við golfvöllinn eru Tjarnholtin þrjú: Tjarnholt litla nyrst, Tjarnholt mið og Tjarnholt syðsta sem er hæst. Þetta svæði er vel gróið kjarri og lyngi. Austan og suðaustan golfvallarins liggur hraunbreiða frá Svínahrauni, eða Urriðakotshrauni eins og það heitir Urriðakotsmegin við landamerkin, en sá hluti sem er innan Vífilsstaðalands hefur verið kallaður Vífilsstaðahraun.

[1] Ragnheiður Traustadóttir, Sice Juel Hanson og Magnús Sigurgeirsson, 2008; Ragnheiður Traustadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Margrét Valmundsdóttir, Jennica Svensson og Lísabet Guðmundsdóttir, 2010; Ragnheiður Traustadóttir, 2012.



**Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.**

Þar sem hraunið liggur meðfram golfvellinum er það nokkuð úfið og nefnist Bruni.[2] Norðvestan megin afmarkast svæðið af Flóttavegi en þar fyrir norðan, við Urriðavatn, var

[2] Ö-Álftaneshreppur GS, 26; Ö-Urriðakot SP.

kúasel að fornu og síðar bærinn Urriðakot.[3] Nú er íbúðarhúsabyggð risin í Urriðaholti norðan vegarins. Austan megin er Heiðmerkurvegurinn. Brot af Vífilsstaðalandi er líka innan þessa svæðis, næst Heiðmerkurvegi. Þvert yfir svæðið frá austri til vesturs liggja risavaxin raflínumöstur sem á sínum tíma voru sett upp fyrir Búrfellslínuna fyrir álverið í Straumsvík.[4]

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

[3] Ragnheiður Traustadóttir, 2012.
[4] Fjárhús í Urriðakotshrauni: Fyrirmynd Kjarvals, 2012.

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

| | |
|---|---|
| Id | 1710 |
| Name | Fjárhús - beitarhús |
| Class | Arkeologiska object |
| Gömul númer | 174-33 |
| Sérheiti | Fjárhústóftin nyðri |
| Bæjarnafn | Urriðakot |
| Jarðatal Johnsen | 174 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Tóft |
| Efni | Grjót |
| Lengd | 7 meter |
| Breidd | 5 meter |
| Hæð | 1.4 metrar |
| Veggjahæð frá | 0,4 m |
| Veggjahæð til | 1.4 m |
| Breidd veggjar | 0.90 m |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Fjárhúsið stendur við úfið hraun, túnblett |
| Adalsvædi | Heiðmörk |
| Svæði | <None> |
| Túnakort | Nei |
| Heimildir | FSI bls. 48 |
| Örnefnaskrá | Ö-Urriðakot SP, 4. GS |
| Aldur | 1850-1930 |
| Skráning | RT |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 2005-2017 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | <None> |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| Minjagildi | Mjög mikið |
| Verkefni | Deiliskipulag Urriðavatnsdalir |
| Sveitarf | Garðabær |
| Gróður | Mosi, gras |
| Friðað | Já |
| Friðlýst | Nei |
| Hlutverk | Fjárhús |

**Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.**

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jarðirnar Urriðakot og Vífilsstaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

## Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Gamla réttin [1704]" og hlutverki þeirra, til dæmis „aðhald [1816]", síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Stekkjartúnsrétt [1703], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis hellisskúti [2053] eða aðhald [1816].

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landsupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í

landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa sjö fornleifar horfið vegna framkvæmda og eru því eingöngu þekktar úr heimildum.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

# Fornleifar á svæðinu




**Mynd 4 Yfirlitskort af fornleifum á svæðinu.**

## Urriðakotsdalir – Urriðakot

Í Urriðakotsdölum sem tilheyrðu jörðinni Urriðakoti eru minjar frá lokaskeiði langrar sögu. Fornleifarannsókn sem fór fram í bæjarstæði Urriðakots við Urriðavatn árin 2008-2010 undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur leiddi í ljós að búskapur hefur verið í Urriðakoti allt frá landnámi en meðal þess sem fannst voru leifar af skála, soðhola, fjós og hús til mjólkurvinnslu og ostagerðar. Sennilega hefur þar verið kúasel, þ.e. sumardvalarstaður eða eins konar útibú frá bæ þar sem kýr voru hafðar yfir sumartímann. Yngri sel frá 13., 14. og 15. öld fundust einnig þannig að seljabúskapurinn hefur haldið áfram.[5] Urriðakot er hins vegar ekki nefnt í ritheimildum fyrr en í jarðaskiptabréfi árið 1563, þá ein 19 jarða sem konungur fékk í skiptum fyrir jafnmargar sem runnu til Skálholtsstóls. Samkvæmt *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var kotið hálfbýli í eigu konungs árið 1703, ekki með „fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir.“[6] Samkvæmt *Jarðatali* Johnsens var það komið í bændaeign árið 1847.[7] Jörðin var síðan í sjálfsábúð eða sjálfsnytjun á fyrri hluta 20. aldar en lagðist í eyði um miðja öldina.[8] Urriðakot á sér því merka sögu allt frá landnámi.

### Gamla réttin [1704] rétt og Stekkurinn [1780] stekkur

Leifar af rétt [1704] og stekk [1780] eru í grónu viki í afar hrjóstrugri hraunbrúninni fast austan við golfvöllinn. Leifar stekkjarins má greina vestan megin en þar er aflangt nánast sporöskjulaga hólf, um 8,6 x 6,2 m að utanmáli, með stefnu norðaustur – suðvestur og gengur veggjartota út úr suðvesturendanum en inngangur virðist vera suðaustan megin. Í veggjunum er stórt og sokkið grjót; ekki sjást umför eða hleðslur og hefur grjót ef til vill verið tekið úr réttinni og endurnýtt í önnur mannvirki þannig að einungis neðstu steinarnir hafa orðið eftir. Veggjaþykkt virðist mest vera um 1 m en hæðin 0,3 m.

[5] Ragnheiður Traustadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Margrét Valmundsdóttir, Jennica Svensson og Lísabet Guðmundsdóttir, 2010, 4-5, 18-34; Ragnheiður Traustadóttir, 2012.
[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, 123-124.
[7] Johnsen, 1847, 92.
[8] *Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931*, 1932, 23.



**Mynd 5. Gamla réttin [1704], þ.e. garðlag fremst, og Stekkurinn [1780], hólf v.m.**

Birkitré er fyrir norðurenda hólfsins og hinum megin við það liggur garðlag í vinkil, fyrst í suðaustur en beygir síðan í suðvestur, þ.e. austan og sunnan við hólfið, og virðist síðan aftur koma beygja norðvestur í átt að hólfinu áður en garðlagið endar. Hins vegar má greina kant sem liggur áfram frá ytri brún garðsins norðvestur að hólfinu. Um 3 m eru milli norðausturenda hólfsins og garðlagsins þeim megin en um 5 m milli hólfsins og garðlagsins sem liggur suðaustan við það. Garðlagið er um 1 m breitt og 0,3 m hátt. Meira grjót er eftir í garðlaginu og sést betur í það þótt það sé líka mjög sokkið. Greina má tveggja umfara hleðslu úr litlu og miðlungs hraungrýti.[9] Þetta er það sem eftir er af réttinni.  Jarðrask virðist hafa átt sér stað sunnan við stekkinn og norðan við garðinn.

Þetta er líklega leifar af Stekknum [1780] og Gömlu rétt [1704] sem greint er frá í örnefnalýsingum. Upplýsingar mismunandi örnefnalýsinga um Gömlu réttina og

[9] Í fyrri fornleifaskráningu var veggurinn mældur lengra suðvestur og ekki talinn ná saman við hólfið eins og hér: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009, nr. GK-174:031.

Stekkjartúnsrétt [1703] eru dálítið mótsagnakenndar en þó virðist mega ráða af þeim að gamla réttin sé norðar, enda er hún ógreinilegri og augljóslega eldri, en að Stekkjartúnsrétt sé syðri réttin sem er miklu betur varðveitt og væntanlega yngri.



**Mynd 6. Hólfið eða stekkurinn [1780] í Gömlu réttinni [1704].**

Í örnefnalýsingu Svans Pálssonar segir: „Nokkru sunnan við Dyngjuhólsflöt gengur smá horn suðvestur úr hrauninu, sem kallast Hraunhorn. [...] Nokkurn spöl suðaustur af Hraunhorni er vik inn í hraunið, og liggur Grásteinsstígur [1701] þar inn í hraunið. Hann dregur nafn af stórum steini, Grásteini [1760], við stíginn í hrauninu. Skammt sunnan við vikið, sem Grásteinsstígur liggur um, er gömul rétt, sem kölluð var Stekkjartúnsrétt, eða aðeins Stekkjartún.“[10] Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar segir: „Í hrauninu suðaustur af Grásteini er

[10] Ö-Urriðakot SP.

hóll sem kallast Einbúi. Suðvestur af Einbúa er réttarbrot, þar er svokallað Stekkjartún.“[11] Í örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar virðist talað um Gömlu réttina og Stekkatúnsrétt sem sömu rétt: „Hér nokkru sunnar er komið í Stekkinn. Þar var Stekkatúnið, hvammur í hrauninu. Þarna var líka Stekkatúnsrétt eða Gamla réttin sem var í hraunbrúninni nokkru sunnar.“[12] Í skrá Gísla yfir örnefni og fiskimið í landi Garðabæjar frá árinu 1964 segir hins vegar: „Stekkatúnsréttin: Rétt þessi er nú horfin með öllu. Þarna hafa verið byggðir sumarbústaðir. Erfitt með vatn.“[13] Þarna hlýtur að vera átt við réttina sem er norðar, sem líklega er fremur Gamla rétt. Hún er að vísu ekki alveg horfin en er ekki eins vel varðveitt og syðri réttin sem hér er túlkuð sem Stekkjartúnsrétt. Gamla réttin og Stekkurinn hafa þó töluvert minjagildi, ekki síst í samhengi við aðrar minjar á svæðinu.



**Mynd 7. Hleðslubrot [2050].**

[11] Ö-Urriðakot AG.
[12] Ö-Urriðakot GS.
[13] Ö-Álftaneshreppur GS, 27

### Hleðsla [2050] hleðslubrot

Ofan við Gömlu réttina [1704] er svolítið hleðslubrot upp við klöpp. Hleðslan er 1,7 m á lengd og 0,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða tilgangi það hefur þjónað en það hefur nokkurt minjagildi.

### Stekkjartúnsrétt [1703] rétt



**Mynd 8. Stekkjartúnsrétt [1703], ásamt garði sem gengur suður úr henni.**

Í örnefnalýsingu segir: „Við hraunið, nokkru suðaustar er önnur rétt nafnlaus, sem byggð var í minni heimildarmanns.“[14] Í *Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi* segir enn fremur: „Í hvammi neðan við Kúadali er rétt þétt við hraunbrúnina. Innst í réttinni er lítill skúti.“[15] Réttin er í litlu viki fast vestan við hraunkargann sem myndar vesturbrún Flatahrauns, við austanverðan golfvöllinn. Að austan er hún byggð fast í úfið hraun sem er að mestu gróið mosa og lyngi, en skammt vestan við hana er golfvöllurinn og hefur hluti garðs sem tengist réttinni vestan megin verið rifinn þegar völlurinn var gerður.

Eftir af réttinni er eitt hólf og um 20 m langt garðlag sem gengur suður úr því. Hólfið er um 10 x 6,7 m að utanmáli, snýr norðvestur – suðaustur með inngang í norðvesturenda. Réttin er hlaðin úr meðalstóru hraungrýti. Hleðslurnar eru mest um 1,3 m á hæð, 7 umför og þykkt er víðast um 0,5 m. Lítill skúti er í hrauninu syðst á austurhlið hólfsins, 2 m breiður, rúmlega 1

[14] Ö-Urriðakot SP.
[15] Ö-Álftaneshreppur GS, 27.

m djúpur og 0,7 m hár, og er austurveggur hólfsins hlaðinn yfir náttúrulega hraunþekju skútans.[16] Það þyrfti að grisja trjágróður í henni svo að rætur raski ekki veggjarhleðslum.

Réttin er vel varðveitt sem heild og hefur ásamt garðinum og skútanum ótvírætt minjagildi. Þessar minjar hafa auk þess fræðslu- og upplifunargildi fyrir almenning.



**Mynd 9. Stekkjartúnsrétt [1703].**

## Varða á golfvelli [2024] varða

Stök varða eða vörðubrot er allnokkru fyrir vestan Stekkjartúnsrétt, nú staðsett inni á golfvellinum, fast norðan göngustígs. Varðann hefur lítið minjagildi þar sem hún er alveg fallinn.



**Mynd 10. Varða, vörðubrot [2024].**

[16] Réttin hefur áður verið skráð: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009, nr. GK-174:032.

## Fjárgirðing – vörslugarður [2362] garðlag

Um 430 m langt garðlag, hlaðið úr óunnu hraungrýti, liggur frá Stekkjartúnsrétt í norðaustur þvert yfir hraunið í átt að Vífilsstaðahlíð. Suðvesturendi garðlagsins er rúmlega 2 m norðan við inngang Stekkjartúnsréttar [1703] og norðaustan megin endar það við veginn undir Vífilsstaðahlíð. Frá réttinni er garðurinn víðast fremur lágur, siginn og yfirgróinn þar til í komið er í hraunið. Þar er hann sums staðar meira en 1 m á hæð og víðast 0,4-0,5 m breiður. Göngustígurinn austan við hraunið sem liggur norður – suður sker garðinn sundur og hefur grjót úr garðinum verið hlaðið meðfram stígnum að hluta. Hlutverk garðsins er ekki ljóst en líklega er um fjárgirðingu að ræða.[17]



**Mynd 11. Grásteinn var kennileiti [1760] við Grásteinsstíg [1701].**

[17] Garðurinn hefur áður verið skráður: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009, nr. GK-174:059



**Mynd 12 Grásteinsstígur eins og hann lítur út í dag.**

## Grásteinsstígur [1701] gata og Grásteinn [1760] kennileiti

Í örnefnaskrá frá 1964 er nefndur Grásteinsstígur [1701] sem liggur út frá Hraunhorni sem gengur fram vestan við Stekkinn [1780] hjá Grásteini [1760], steini „á hrauninu út frá Hraunhorninu.“[18] Í örnefnalýsingu frá 1988 segir: „Nokkru sunnan við Dyngjuhólsflöt gengur smáhorn suðvestur úr hrauninu, sem kallast Hraunhorn. [...] Nokkurn spöl suðaustur af Hraunhorni er vik inn í hraunið, og liggur Grásteinsstígur þar inn í hraunið. Hann dregur nafn af stórum, gráum steini, Grásteini, við stíginn í hrauninu.“[19] Þaðan lá stígurinn áfram að Kolanefsflöt.[20] Hann hefur legið að fjárhúsi [1710] og Grásteinn [1760] sem er mjög áberandi kennileiti hefur verið á leiðinni.[21] Grásteinsstíg má enn þá sjá á nokkrum stöðum og tvær vörður [2051-2049] eru í hrauninu vestan við hann. Í þennan stíg hefur síðan verið borin möl

[18] Ö-Álftaneshreppur GS, 27.
[19] Ö-Urriðakot SP.
[20] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001, 70.
[21] Gjáarréttarstígur – Moldargötur – Grásteinsstígur, 2004.

þannig að víðast hvar hefur hann horfið undir göngustíg sem lagður hefur verið í gegnum hraunið til útivistar á seinni árum. Gönguleiðin framhjá Grásteini engu að síður gömul, líka þar sem nýlegri stígur er kominn yfir þann eldri, og hefur götustæðið nokkurt minjagildi.



**Mynd 13. Varða [2051] við Grásteinsstíg.**

## Vörður við Grásteinsstíg [2051-2049] vörður

Varða [2051] er í hrauninu við Grásteinsstíg norðanverðan, beint í austur frá Gömlu rétt [1704]. Önnur varða [2049] er á hraunbungu ofan og norðaustan við fjárhús [1710]. Þessar vörður hafa allmikið minjagildi.



**Mynd 14. Varða [2049] við Grásteinsstíg.**



**Mynd 15. „Fjárrétt.“ Málverk eftir Jóhannes Kjarval frá 1966 af tóft fjárhúss eða beitarhúss [1710].**

## Fjárhús – beitarhús [1710] tóft

Í örnefnalýsingum segir: „áberandi hóll í hrauninu [...] heitir Einbúi. Suðaustur af Einbúa eru rústir beitarhúss, sem byggt var fyrir minni heimildarmanns.“[22] „Sauðahúsið: Tóft þessi er eftir sauðahús, sem Guðmundur bóndi Jónsson í Urriðakoti byggði.“[23] Þarna kom Jóhannes Kjarval við sumarið 1966 og málaði þá mynd af grjóthlaðinni fjárhústóft ásamt nánasta nágrenni með útsýni yfir til Grindarskarðshnúka og hluta Lönguhlíða. Kjarval lagfærði sjónarhornið svolítið til að koma öllu fyrir en tóftin sem stendur enn í dag er auðþekkjanleg á málverkinu sem meistarinn kallaði einfaldlega „Fjárrétt“. Þetta var nokkru áður en

[22] Ö-Urriðakot SP.
[23] Ö-Álftaneshreppur GS, 27.

raflínumöstur voru sett upp á svæðinu en þau þvera nú hið fagra útsýni sem Kjarval hafði fyrir augum.[24]

Hleðslur þessa fjárhúss standa í brekku í austurjaðri hraunsins, nokkru ofan og vestan við Grásteinsstíg [1701]. Sunnan og vestan megin er úfið Brunahraunið en að norðan gamall algróinn túnblettur. Tóftin er eitt hólf, um 7 x 5 m að utanmáli, snýr í norðvestur og opnast í þeim enda að túnbleðlinum sem hefur nokkurn veginn sömu stefnu og er um 20 x 10 m á stærð. Hún er hlaðin miðlungsstóru og stóru hraungrýti, flestu tilhöggnu og nær hleðsluhæð um 1,4 m. Hleðslan er vönduð en nokkuð tilgengin utan með.[25] Fjárhúsið er þó allvel varðveitt og stendur á nokkuð áberandi stað þannig að það sést frá göngustígnum fyrir neðan. Það hefur ótvírætt minjagildi og líka mikið upplifunagildi.



**Mynd 16. Fjárhús – beitarhús [1710].**

## Aðhald [1816] hleðsla við klett

Uppi á hraunbrúninni vestan megin í hrauninu, um 30 m suðvestur af fjárhúsi [1710] er aðhald, smárétt eða stekkur. Þarna er veggur hlaðinn úr meðalstóru hraungrýti upp við hraunklett sem myndar vegg að norðan. Aðhaldið er um 5 x 4 m að stærð og hæð hleðslunnar

[24] Fjárhús í Urriðakotshrauni: Fyrirmynd Kjarvals, 2012.
[25] Fjárhúsið hefur áður verið skráð: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009, nr. GK-174:033.

0,80 m.[26] Vestan við það er hraunið nokkuð sléttara og gróið grasi, lyngi og mosa og fyrir neðan er nú golfvöllurinn. Aðhaldið hefur allnokkuð minjagildi, ekki síst í samhengi við aðrar minjar á svæðinu.



**Mynd 17. Aðhald [1816]: hleðsla v.m. en náttúrulegur klettur h.m. Golfvöllurinn í baksýn.**

## Fjárhús syðra [2361] tóft

Í örnefnalýsingum segir frá Fjárhúsinu syðra: „Austan við Kúadali er Fjárhústóftin syðri. Það var upphaflega reist sem Sauðahús.“[27] „Nokkru norðar en Skotbyrgið er rúst gamals fjárhúss við allstóran klett.“[28] Tóftin af fjárhúsinu er skammt frá öðru háspennumastri frá Heiðmerkurvegi, uppi á hárri mosa- og grasigróinni hæð í hrauninu. Hún er hlaðinn úr

[26] Aðhaldið hefur áður verið skráð: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009, nr. GK-174:058.
[27] Ö-Urriðakot GS.
[28] Ö-Álftaneshreppur GS, 21.

hraungrýti upp við náttúrulegt bjarg sem myndar hluta af suðurvegg hennar, stefnan austur – vestur, inngangur á vesturgafli og gluggi í suðurveggnum. Hún er 6 x 2,5 m að innanmáli og veggirnir um 0,8 m á hæð og 1-2 m á breidd. Vegghleðslurnar eru grónar mosa, grasi og lyngi og hefur nokkuð hrunið úr þeim.[29] Tóftin er vel varðveitt og hefur ótvírætt mikið minjagildi, auk þess sem hún hefur fræðslu- og upplifunargildi fyrir almenning.



**Mynd 18. Fjárhúsið syðra [2361] hlaðið uppi á hæð.**

## Kúadalsstígur [1707] heimild um götu

Samkvæmt örnefnaskrá frá 1964 eru Kúadalir hvammar „niður með hrauninu milli þess og Tjarnholtanna“ en út úr stærsta hvamminum liggur Kúadalastígur „upp á hraunið út á Flatahraunið yfir í Vífilstaðahlíð.“[30] Í örnefnalýsingu 1988 segir: „Norðaustur af Byrginu er vik inn í hraunið, sem heitir Kúadalur. Þar liggur Kúadalsstígur inn í hraunið. Rétt austan við Kúadalsstíg, inni í hrauninu, er krosssprunginn hóll, Sprunguhóll. Vestur af Byrginu er grýttur hóll, Grjóthóll.“[31] Þessi stígur er að mestu horfinn.

[29] Fjárhúsið hefur áður verið skráð: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009, nr. GK-174:051.
[30] Ö-Álftaneshreppur GS, 26-27.
[31] Ö-Urriðakot SP.



**Mynd 19. Horft norðaustur yfir Vífilsstaðabeitarhús [1623] og fjárborg [1625].**

## Vífilsstaðabeitarhús [1623] tóft og fjárborg [1625] hleðslur og leið [1758] gata

Samkvæmt örnefnalýsingum er Ljóskollulág slakki í Vífilsstaðahlíð innan við hrygginn Kolanef. „Innan við Ljóskollulág er annar hryggur, nefnist Einarsnef. Þar er og Einarsnefsflöt og í hraunbarminum Fjárborg [1625], hefur ekki verið nema hálfhlaðin og þar hjá Fjárhús [1623] en upp á barminum er stakur steinn, nefnist Einar.“[32] „Vífilstaðabeitarhús: Í hraunbrúninni er fjárhústóft, jötustallar. Fjárborgin: Þarna hefur átt að gera fjárborg. Aðeins undirstaðan.“[33]

Fjárhústóftin og leifar fjárborgarinnar eru í hraunjaðrinum undir lágum hraunkletti vestur af Einarsnefi, þar sem Heiðmerkurvegur [2131] kemur fyrst upp að Vífilsstaðahlíð. Fjárhústóftin er ferhyrnd, lengd milli veggja um 6,5 m og breidd rösklega 2 m. Veggir eru um 0,8-1 m að þykkt og 1 m háir en suðurgaflinn sem liggur upp við hrauntunguna nær upp í 1,8 m hæð. Eystri langveggurinn hefur hrunið út. Við vestri langvegginn innanverðan virðist vera hlaðinn garði eða jata. Sambyggt við vestri langhlið er minna rými, um 1,5 x 2,5 á stærð, og hefur það ef til vill verið hlaða fyrir heytuggu. Dyr vísa í norður, bæði á fjárhúsinu og hlöðunni.

[32] Ö-Vífilsstaðir GS.
[33] Ö-Álftaneshreppur GS, 18.

Umhverfið er mjög gróið og vaxa runnar í og við rústirnar. Þetta hefur verið beitarhús frá Vífilsstöðum, staðsett í upprunalegu landi þeirra, en heyjað var á Einarsnesflötum.



**Mynd 20. Vífilsstaðabeitarhús [1623].**

Fjárborgin [1625] er rétt austan við beitarhúsið [1623]. Hún er hringlaga, um 7,5 m að þvermáli með vegghleðslum. Hringurinn er tvíhlaðinn með innri og ytri hleðslu, sa. 1 m á breidd; veggir hafa verið hlaðnir úr hraungrýti úr nánasta umhverfi en aðeins neðstu hleðslusteinarnir eru eftir. Sá misskilningur kemur fram í örnefnalýsingunum að aldrei hafi verið lokið við að hlaða fjárborgina en líklegra er að hleðslugrjótið úr henni hafi verið notað þegar beitarhúsið var hlaðið. Dyr fjárborgarinnar vísa í norðaustur og þaðan liggur gamall troðningur [1758].



**Mynd 21. Fjárborgin [1625]. Myndin tekin fyrir sennilega 20 árum. Þá sést fjárborgin vel.**



**Mynd 22. Fjárborgin [1625] er að hverfa undir birkigróður og þyrfti að grisja.**



**Mynd 23. Stígur [1758] upp að fjárborg [1625] og beitarhúsi [1623]. Horft suðvestur.**

Umhverfið allt er mjög gróið og vaxa runnar í og við rústirnar. Þessar minjar voru friðlýstar með samkomulagi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, sbr. bréf þjóðminjavarðar, dagsett 21. apríl 1964.[34] Tóft beitarhússins og hlöðunnar eru ágætlega varðveittar og fjárborgin er einnig

[34] Kristján Eldjárn, 1964.

mjög greinileg þótt einungis undirstöðugrjótið í neðsta hringnum sé eftir. Minjarnar hafa tvímælalaust mjög mikið minjagildi og líka upplifunargildi og er mikilvægt að vernda þær sem heild.

## Fjárgirðing – landamerkjagarður [1654-1762] garðlag – girðing

Í *Landamerkjaskrá* frá 1890 eru nefndar fjárréttargrjótgirðingar en landamerki milli Vífilsstaða og Urriðakots eru sögð liggja frá þeim upp í „Urriðakots Fjárhellra", þ.e. Maríuhella [1638-1732] „frammí vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarmi [2073]".[35] Hlutar af þessari gömlu grjóthlöðnu fjárgirðingu og landamerkjagarði eru varðveittir hér og þar í hrauninu og hafa þeir verið mældir upp. Garðurinn er sýnilegur á að minnsta kosti tveimur stöðum við Vífilsstaðaland. Hann liggur [1654] í sveig ofan í hraundæld neðan og vestan við beitarhús [1623] og fjárborg [1625]. Garðhleðslan fremur sigin og mosagróin, 37 m á lengd og 0,5-1.40 m á breidd.



**Mynd 24. Landamerkjagarður [1654] við Vífilsstaðabeitarhús [1623]. Horft í suður.**

[35] *Landamerkjaskrá Urriðakots 1834.*

Einnig má sjá hluta þessa garðs [1762] á um 35-40 m kafla, skammt norðvestur frá þar sem Jónshellnastígur liggur að Moldargötum og virðist fremur vera vísað til þess hluta hans í landamerkjalýsingunni. Þar er garðhleðslan 0,5-1,5 m á breidd og nær mest um 2 m hæð, einnig mjög mosagróin og nyrðri endinn yfirgróinn og nánast hulinn birkitrjám.

Þessi garður hefur verið allmikið mannvirki á sínum tíma og hefur sennilega bæði þjónað sem fjárgirðing og landamerkjagarður. Hann hefur verið hlaðinn milli hraunkletta, ofan í hraunlautir og dældir. Á milliköflum hefur hins vegar verið gaddavírsgirðing og sjást leifar hennar einnig sums staðar. Garðurinn er mjög greinilegur og hefur ótvírætt mikið minjagildi og upplifunargildi.



**Mynd 25. Landamerkjavörður á Tjarnholti.**

### Vörður á Syðsta Tjarnholti [2180-2181-2182] vörður

Í örnefnaskrá 1964 er nefnd „Tjarnholtsvarðan: Hún er á Mið-Tjarnholti. Liggja þar um landamerki."[36] Líklega er þetta ein af þremur grjóthlöðnum landamerkjavörðum sem finnast á Syðsta-Tjarnholti. Á Tjarnholti voru landamerki milli Urriðakots og Vífilsstaða. Vörðurnar

[36] Ö-Álftaneshreppur GS, 26.

hafa allmikið minjagildi. Landamerki lágu síðan áfram í Merkjastein [1726] og eru vörðurnar í línu við hann.



**Mynd 26. Þriðja landamerkjavarðan á Tjarnholti.**



**Mynd 27. Hellir með hleðslu [2053].**

## Hellisskúti [2053] hleðsla – skúti

Smá hleðsla við hellisskúta er norðan við golfvöllinn. Hlaðið er bæði ofan á skútanum og fyrir framan hann. Hugsanlega er þetta skotbyrgi. Hleðslan ásamt hellinum hefur nokkurt minjagildi.

## Herminjar [2052]

Herminjar eða leifar frá hernum eru á teig 15 í austurjaðri golfvallarins, skammt frá hraunbrúninni. Þær eru frekar lítilfjörlegar og geta varla talist hafa mikið minjagildi.



**Mynd 28. Yfirlitsmynd af Dyngjuhól – Hádegishól.**

## Dyngjuhóll – Hádegishóll eyktamark landamerki [1637-1743] vörður

Í örnefnalýsingum segir: „En landamerkjalínan lá af Maríuhellum upp á svokallaða Dyngju og Dyngjuhól – Hraunhóll var hann líka nefndur og Hádegishóll – enda eyktamark frá Vífilsstöðum.“[37] „Suður af hellunum [1646-1638-1732] rétt sunnan við Heiðmerkurveginn [2131] er stór hraunhóll, sem áður var með einni vörðu, en nú með mörgum. Hann kallaði Urriðakotsfólkið Dyngjuhól [1743], en Vífilsstaðafólkið Hádegishól, og var hann eyktarmark þaðan.“[38] Hóllinn er um 1350 m suðsuðvestur af Vífilsstöðum og er bein sjónlína þar á milli. Þetta er 10-15 m hár hóll úr hraungrýti, vaxinn mosa, birkikjarri og berjalyngi. Á honum eru nokkrar vörður. Engin þeirra er hærri en 0,8 m eða meira en 1,5 m í þvermál. Tvær eru þó sýnu mest áberandi [1637] og [1743].



**Mynd 29. Vörður á Dyngjuhól [1637-1743].**

[37] Ö-Vífilsstaðir, GS.
[38] Ö-Urriðakot SP.

## Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru 26 minjar, þar af 24 sem teljast fornleifar og tvær herminjar. 25 af þessum minjum eru sýnilegar á vettvangi.

Ljóst er að hraunið austan og suðaustan við Urriðavöll geymir mikilsverðar minjar sem þarf að vernda og þær eru hluti af umfangsmikilli minjaheild sem vitnar um forna sögu Urriðakots og Vífilsstaða. Minjar við golfvöllinn eru flestar tengdar fjárbúskap, svo sem fjárhús, fjárborg og fjárréttargirðing en einnig er þar að finna réttir, stekk, aðhald, leiðir sem hafa legið að þeim frá bæjum og vörður.

Stekkjartúnsrétt [1703] ásamt garði og skúta er vel varðveitt og hefur bæði mikið minjagildi og upplifunargildi. Því miður hefur garðinum sem gengur suður úr réttinni þó nú þegar verið raskað við lagningu golfvallarins og er mikilvægt að komast hjá frekara raski. Gamla réttin [1704] er ekki eins vel varðveitt en þó má þar greinilega sjá neðstu hleðslur frá einu hólfi eða stekk [1780] og garði. Þessar minjar hafa líka ótvírætt minjagildi, þó svo þeim hafi einnig verið raskað af golfvellinum. Nokkur ruglingur hefur verið á nöfnum þessara tveggja rétta en sú nyrðri er augljóslega eldri og er hér því túlkuð sem Gamla réttinn og sú syðri sem Stekkjartúnsrétt. Skammt ofan Gömlu réttarinnar er hleðslubrot [2050] frá óþekktu mannvirki og sunnar í hraunjaðrinum, ofan Stekkjartúnsréttar, er lítið aðhald [1816], hlaðið upp við hraunhól. Þessar minjar hafa líka allnokkurt minjagildi. Varða [2024] inni á golfvellinum er hins vegar fallin og hefur lítið minjagildi. Austan megin í hrauninu er vel varðveitt grjóthlaðin beitarhústóft [1710] sem varð Jóhannesi Kjarval innblástur að málverki. Sunnar í hrauninu er heilleg fjárhústóft [2361] með hlöðnum glugga. Báðar tóftirnar hafa mikið minjagildi og upplifunargildi.

Um svæðið liggja líka tvær gamlar götur. Grásteinsstígur [1701] er varðveittur á köflum og einnig vörður [2051-2049] við hann í hrauninu og steinninn Grásteinn [1760] sem var kennileiti. Grásteinsstígur hefur sums staðar horfið undir nýlegri göngustíg en götustæðið er þó fornt og hefur minjagildi sem slíkt ásamt vörðunum og Grásteini. Kúadalsstígur [1707] er hins vegar nánast horfinn. Loks eru þrjár vörður saman á Syðsta-Tjarnholti [2180-2181-2182] í landi Urriðakots sunnan við golfvöllinn og hafa líka allnokkurt minjagildi.

Ofantaldar minjar eru í landi hins forna Urriðakots eða á mörkum en suðaustast á skráningarsvæðinu eru minjar í landi Vífilsstaða: beitarhús með hlöðu [1623] og fjárborg [1625], ásamt broti af leið [1757]. Þær eru rétt austan við mikinn landamerkjagarð eða fjárréttargirðingu [1654-1762] sem hlaðinn var milli Vífilsstaða og Urriðakots en hlutar hans hafa víðar varðveist á mörkum jarðanna tveggja. Þessar minjar hafa mjög mikið minja- og upplifunargildi.

Allar þessar minjar eru aldursfriðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80 frá árinu 2012. Mikilvægt er að hlúð sé að þeim og þær verndaðar fyrir frekara raski en nú þegar hefur orðið. Samkvæmt lögunum skal vera 15 m friðhelgað svæði umhverfis allar friðaðar fornleifar nema annað sé ákveðið.[39]

Nyrst á svæðinu eru loks herminjar, annars vegar hellisskúti að hluta til grjóthlaðinn [2053], nokkuð vel varðveittur og hefur mögulega hefur verið notaður sem skotbyrgi á stríðsárunum. Hann hefur mikið minjagildi. Hins vegar eru leifar frá hernum [2053] á teig 15 á golfvellinum en þær eru lítilfjörlegar og hafa lítið minjagildi. Þetta eru einu minjarnar á svæðinu sem eftir eru frá hernum en Camp Russell búðirnar hurfu allar undir golfvöllinn. Herminjar eru enn ekki orðnar nógu gamlar til að njóta aldursfriðunar samkvæmt menningarminjalögum en eru þó mikilsverður vitnisburður um þátttöku Íslands í einum mestu stríðsátökum mannkyns.

Í Heiðmörk er fjöldinn allur af minjum sem bera vitni um horfna búskapahætti, bæði í Urriðakoti, á Vífilsstöðum og fleiri jörðum. Flestar tengjast þær landbúnaði og þá sérstaklega fjárbúskap, en einnig er að finna einstakar minjar um seljabúskap í Selgjá sem er skammt suðaustan við það svæði sem hér er til skoðunur. Þær minjar hafa verið friðlýstar.

Vel færi á því auðga útivistarsvæðið í Urriðadölum með látlausum merkingum við minjarnar í hrauninu. Þær hafa mikið upplifunargildi fyrir almenning en þarna eru nú þegar stígar sem margir njóta þess að ganga um. Golfvöllurinn er hins vegar alltof of nálægt minjunum í hraunjaðrinum, alveg ofan í réttunum tveimur [1704-1703] og stekknum [1780] sem hafa skaddast við lagningu hans. Ef stækka ætti golfvöllinn væri því óæskilegt að teygja hann

[39] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 22. gr.

lengra í austur þar sem eru margar minjar en það væri hættuminna í suður en þá þyrfti að gæta þess að fara ekki of nálægt friðlýstu minjunum í Selgjá.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók: Gullbringu- og Kjósarsýsla* (III). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931. (1932, 1. apríl).

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. (2001). *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. Garðabær.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. (1964, 21. apríl). *Friðlýsingarbréf þjóðminjavarðar vegna minja í Vífilsstaðalandi, skv. samkomulagi við Skógræktarfélag Reykjavíkur*.

*Landamerkjaskrá Urriðakots í Garðahreppi. Nr. 137. Þinglýst 8. maí 1890 samkvæmt landamerkjabréfi dags. 26. september 1834.*

*Lög um menningarminjar* nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 11. apríl 2022 á: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.

